



Minnisblað

Dags.: 19. október 2023

Frá: Steinar Sigurjónssyni, umsjónarmanni umhverfismála
Dreifing: Sveitarstjórn

Efni: Villtar kanínur í Grímsnes- og Grafningshreppi

Undanfarin 2-3 ár hefur borist talsvert af kvörtunum/ábendingum í gegnum síma og tölvupóst vegna fjölgunar á kanínum í og við Þrastaskóg. Vitað er til þess að villtur stofn hefur verið í skóginum í einhvern tíma, en mikil fjölgun virðist hafa orðið í stofninum á undanförunum árum ef marka má orð fasteignaeigenda þarna á svæðinu. Þá virðist stofninn einnig vera að breiða úr sér og hafa ábendingar um kanínur komið frá fasteignaeigendum við A- og B-götu í Norðurkotslandi, Öndverðarnesi og 5. braut við Álftavatn. Einnig hefur nýlega sést talsvert af kanínum við Vaðnes og Snæfoksstaði, sem bendir til þess að stofninn sé að dreifa sér um mestallt skóglendið í vesturhlutanum á Grímsnesi.

Ekki hefur farið fram nein eiginlega talning á kanínum á svæðinu, og ekki er vitað til þess að neinn sé að vakta stofninn neitt sérstaklega, svo það liggja ekki fyrir neinar tölur um það hversu stór stofninn er eða hversu mikið hann hefur stækkað á síðustu árum.

Kvartanir fasteignaeigenda snúa helst að því að kanínurnar skemmi gróður á svæðinu, bæði sjálfsprottinn gróður sem og ræktaðar lóðir. Þá getur mikil fjölgun kanína einnig haft neikvæð áhrif á fuglalíf, en margar fuglategundir eru viðkvæmar fyrir raski. Kanínur verða kynþroska á fjórum til sex mánuðum, og meðganga þeirra er u.þ.b. þrjátíu dagar. Ungafjöldinn í hverju goti getur verið á bilinu tveir til tólf ungar, og þær geta æxlast strax eftir got. Það þýðir að stofn þeirra getur margfaldast á mjög stuttum tíma ef lífsskilyrðin eru góð, en til gamans má geta að hver kvenkyns kanína getur eignast allt að þúsund unga yfir ævina.

Nokkur sveitarfélög á Íslandi hafa tekið það skref að reyna að útrýma eða halda í skefjum villtum kanínustofnum. Þar sem kanínur sem lifa í náttúru Íslands teljast til villtra dýra eru þær hins vegar friðaðar samkvæmt [lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum dýrum](#). Í 7. gr. laganna er hins vegar tekið fram að ráðherra sé heimilt að aflétta tímabundið og á ákveðnum svæðum friðun á stofnum eða tegundum villtra dýra sem flust hafa til Íslands af mannavöldum, til að halda stofnum niðri. Sótt er um slíka undanþágu til umhverfis- orku og loftlagsráðuneytisins. Samkvæmt svörum frá ráðuneytinu hefur stefnan undanfarið verið að heimila aðgerðir sem miða að því að útrýma kanínunum á þessum svæðum frekar enn að þurfa stöðugt að bregðast við vandanum þegar kanínunum fjölgar aftur. Undanþágurnar hafa verið veittar til ákveðins tíma og óskað hefur verið eftir skýrslum um aðgerðirnar og árangur þeirra í lok undanþágutímans. Undanþágurnar hafa byggt á umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands í samræmi við löginn. Um veiðar á einkalóðum og í sumarhúsabyggð er nauðsynlegt að þetta verði gert að höfðu samráði við landeigendur og umsjónarmanna viðkomandi svæðis.

Meðal sveitarfélaga sem hafa sótt um slíka undanþágu eru [Árborg](#), Vestmannaeyjar og [Akureyri](#), en útrýming kanína tókst vel í Vestmannaeyjum fyrir nokkrum árum.

Sé undanþágan veitt er samkvæmt lögnum eina leyfilega leiðin til þess að fækka kanínunum sú að skjóta þær. Ef sótt er um undanþágu þarf einnig að tilkynna hver komi til með að sjá um veiðarnar. Ef



ekki er unnt að nota skotvopn við veiðarnar vegna aðstæðna þarf að sækja um sérstaka undanþágu til Umhverfisstofnunar til þess að nota aðrar aðferðir (sjá 9. gr laganna).

Flestir eru sammála um að kanínurnar séu ósköp krúttlegar og vinalagar, en það er hins vegar staðreynd að þær geta reynst skaðvaldar og raskað ró manna og annarra dýra. Náttúrufræðistofnun hefur t.d. lengi barist gegn tilvist villtu kanínunnar á Íslandi, sbr. [tilkynningu frá 2012](#). Það er því undir sveitarstjórn komið að ákveða næstu skref, þ.e. hvort að sækja eigi um undanþágu til þess að útrýma/fækka stofninum, eða hvort að stofninn eigi að fá að vera óáreittur á svæðinu.

Sé það vilji sveitarstjórnar að óska eftir slíkri undanþágu mun umsjónarmaður umhverfismála í samráði við sveitarstjóra sjá um að sækja um undanþáguna og semja við meindýraeyði um að vinna verkið.

Fylgiskjal 1: [Svar umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytisins við fyrirspurn](#)